

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 23/1999
frá 26. febrúar 1999

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var
aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er
nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 54/98 frá 3. júní 1998⁽¹⁾.

Rétt er að auka samvinnu samningsaðilanna þannig að hún taki til áætlunar til margra
ára um að efla endurnýjanlega orkugjafa í bandalaginu (ALTENER II) (ákvörðun
ráðsins 98/352/EB)⁽²⁾.

Því ber að breyta bókun 31 við samninginn þannig að þessi aukna samvinna geti hafist
frá 1. janúar 1998.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

14. gr. í bókun 31 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi ný málsgrein komi aftan við 2. mgr.:
 - „2a. EFTA-ríkin skulu frá 1. janúar 1998 taka þátt í áætlun bandalagsins
sem um getur í c-lið 5. mgr. og aðgerðum henni tengdum.“
2. Eftirfarandi bætist við í 5. mgr.:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 30, 4.2.1999, bls. 57 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 6, 4.2.1999, bls. 279.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 159, 3.6.1998, bls. 53.

„c) **398 D 0352**: Ákvörðun ráðsins 98/352 frá 18. maí 1998 varðandi áætlun til margra ára um að efla endurnýjanlega orkugjafa í bandalaginu (ALTENER II)(Stjtið. EB L 159, 3.6.1998, bls. 53).“,

3. Í stað orðanna „a- og b-liður 5. mgr.“ í 3. og 4. mgr. komi „a-, b- og c-liður 5. mgr.“.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. febrúar 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

Hún gildir frá 1. janúar 1998.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. febrúar 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbato

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner